

# FJÁRMÁLA EFTIRLITIÐ

Alþingi  
Erindi nr. P 125/1260  
komudagur 27. 3. 2000

Nefndasvið Alþingis  
Björn Þorvaldsson  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Þórshamri v/Templarasund  
150 REYKJAVÍK

27. mars 2000

Tilvísun: 2000030015

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 7. mars sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 260. mál.

Við vinnslu frumvarps þessa leitaði fjármálaráðuneytið viðhorfa og liðsinnis Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið telur þó rétt að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri við nefndina:

1. Fjármálaeftirlitið fagnar þeim breytingum sem gert er ráð fyrir í 3. og 4. gr. frumvarpsins varðandi auknar kröfur um hæfi stjórnenda og starfsmanna lífeyrissjóða.
2. Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga verði rýmkaðar. Núgildandi lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða tóku gildi þann 1. júlí 1998 og höfðu lífeyrissjóðirnir frest til 1. júlí 1999 til þess að aðlaga starfsemi sína að ákvæðum laganna. Rétt er að benda á að enn hafa ekki allir lífeyrissjóðir fengið starfsleyfi. Að mati Fjármálaeftirlitsins er vart komin reynsla á þessi ákvæði laganna. Er því vafasamt að tímabært sé að rýmka heimildir til fjárfestinga eins og gert er ráð fyrir í d og f-lið 1. mgr. 5. gr. Ákvæðin gera ráð fyrir verulegri rýmkun þar sem í d-lið er heimildin rýmkuð úr 35% í 50%. Rýmkunin tekur m.a. til 8. tl. en undir hann falla alls kyns verðbréf sem ekki uppfylla skilyrði annarra tölulíða ákvæðisins.

Reglur um fjárfestingar lífeyrissjóða eru mikilvægar til að tryggja hagsmuni sjóðfélaga, ekki síst í ljósi þess að um skyldubundinn lífeyrissparnað er að ræða og að sjóðfélögum er almennt óheimilt að flytja áunnin réttindi sín í aðra lífeyrissjóði, en á þetta er bent í almennum athugasemdum við frumvarp þetta. Fjármálaeftirlitið vill vekja athygli á því að samkvæmt fréttabréfi EUROSTAT, Statistics in focus, um fjárfestingar lífeyrissjóða í Evrópu árið 1997, voru fjárfestingar í hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegar tekjur undir 35% í öllum tilvikum nema hjá breskum (71%), írskum (59%) og hollenskum (38%) lífeyrissjóðum.

3. Í 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins er lagt til að fjármálaráðherra skuli setja reglugerð um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða annars vegar og reglur um form og efni skýrsla um ávöxtun eignasafna hins vegar. Fjármálaeftirlitið telur eðlilegt að stofnuninni sjálfri verði falið að móta eftirlit með fjárfestingum lífeyrissjóða eins og öðrum þáttum í starfsemi þeirra, en í ákvæðunum er fjármálaráðherra ætlað þetta hlutverk. Fjármálaeftirlitið vill í þessu sambandi benda á að samkvæmt núgildandi lögum ber því að setja reglur um innra eftirlit, ársreikninga

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

og endurskoðun lífeyrissjóða. Með tilliti til þessa telur eftirlitið æskilegt að því verði falið að setja framangreindar reglur.

4. 10. gr. frumvarps - Eins og fram kemur í athugasemdum við 10. gr. frumvarpsins (reyndar er þar vísað til 11. gr.) er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga og banka verði undanþegnir 21. gr. laganna, sem mælir fyrir um lágmarks stærð sjóðs, þ.e. að a.m.k. 800 sjóðfélagar skuli að jafnaði greiða iðgjald til lífeyrissjóðs ella skuli þeir tryggja sig með öðrum hætti. Tilgangurinn með tilvitnuðu lagaákvæði er sá að tryggja lágmarks áhættudreifingu í rekstri lífeyrissjóðs. Flestir þeir lífeyrissjóðir sem hér um ræðir eru nú þegar með verulegan halla á skuldbindingum, þ.e. verulega vantar upp á að eignir standi undir lofuðum skuldbindingum. Aukin áhætta sem felst í breytingu samkvæmt 10. gr. frumvarpsins bætist því ofan á þann halla sem fyrir er hjá umræddum lífeyrissjóðum. Fjármálaeftirlitið vill af þessu tilefni vekja athygli á að nauðsynlegt er að huga að stöðu þeirra lífeyrissjóða sem starfræktir eru með ábyrgð sveitarfélaga. Um er að ræða níu lífeyrissjóði í jafnmörgum sveitarfélögum sem standa misjafnlega vel fjárhagslega og kunna að lenda í erfiðleikum í framtíðinni þegar í auknum mæli fer að reyna á umrædda ábyrgð.

Til viðbótar þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir, vill Fjármálaeftirlitið koma eftirfarandi á framfæri:

1. Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga nr. 129/1997 skal lífeyrissjóður sem ákveður lágmarkstryggingavernd á grundvelli 3. mgr. 4. gr. og aðili sem móttækur iðgjald til séreignarsparnaðar eða viðbótartryggingaverndar tryggja að sá hluti rekstrarins, sem lýtur að varðveislu og ávöxtun iðgjalds er rétt hafar hafa beinan ráðstöfunarrétt á, sé fjárhagslega aðskilinn og ekki niðurgreiddur af annarri starfsemi. Í athugasemdum með lífeyrissjóðslögunum og nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis er vísað til 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga, um túlkun og framkvæmd 4. mgr. 5. gr.

Af framangreindum athugasemdum má ráða að ákvæðið hafi verið sett fram vegna samkeppnissjónarmiða. Fjármálaeftirlitinu er ekki ljóst hvernig tryggja á framkvæmd þessa ákvæðis. Sem dæmi má nefnda að vandséð er hvernig fjárhagslegum aðskilnaði verði komið við vegna lífeyrissparnaðarreikninga innlánsstofnana. Að mati Fjármálaeftirlitsins er nauðsynlegt að kveða skýrar á um framangreint. Þá telur Fjármálaeftirlitið æskilegt að kveðið sé á um að eftirlit með ákvæðinu sé í höndum samkeppnisyrivalda, en að þessu er vikið í nefndaráliti Efnahags- og viðskiptanefndar vegna frumvarps sem síðar varð að lögum nr. 129/1997 (122. löggjafarþing).

2. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu var með "reglugerð" í 5. mgr. 19. gr. átt við samþykktir. Að mati Fjármálaeftirlitsins er nauðsynlegt að breyta ákvæðinu í samræmi við þetta.
3. Að mati Fjármálaeftirlitsins er eðlilegt að bæta við nýrri 2. mgr. 18. gr., þar sem kveðið verði á um skyldu lífeyrissjóða til að senda greiðsluyfirlit, sbr. 7. og 8. gr. laga nr. 53/1993, um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota. Svo virðist sem slíkt ákvæði hafi verið inni í frumvarpsdrögum en fallið út á síðari stigum, sbr. athugasemdir um 18. gr. í frumvarpi til laga nr. 129/1997. Lagt er til að ákvæðið verði svo hljóðandi:


# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


*"Lífeyrissjóðir skulu senda sjóðfélögum sínum yfirlit um iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfárs fresti. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum."*

Að öðru leyti gerir Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Páll Gunnar Pálsson

  
Ásta Þórarinsdóttir